

### 30. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 13. apríl og hófst hann kl. 09:00.

#### Fundinn sátu:

Elín Grétarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Oddviti setti fund, bauð fundarmenn velkomna og leitaði eftir athugasemdum við fundarboðið.

#### Dagskrá

1. Ásaljós
2. Fundargerðir
3. Erindi til hreppsnefndar
4. Ásgarður
5. Innkaupareglur Ásahrepps
6. Samþykkt um kjör kjörinna fulltrúa og greiðslur fyrir nefndarmenn
7. Næsti fundur hreppsnefndar

#### Gengið til dagskrár:

##### 1. Ásaljós

Með lagningu ljósleiðaranets í Ásahreppi hafa fjarskiptainnviðir sveitarfélagsins verið styrktir til framtíðar. Styrking fjarskiptainnviða felur í sér umtalsverða fjarfestingu og það er mat hreppsnefndar að það sé afar mikilvægt að fjarskiptainnviðir sveitarfélagsins haldist í eigu sveitarfélagsins.

Með vísan til þessa samþykkir hreppsnefnd Ásahrepps eftirfarandi:

Hvorki ljósleiðarakerfi Ásahrepps né verkefni sem sveitarfélagið hefur falið Ásaljósi, kt. 480615-0770, verður framselt til þriðja aðila, nema að undangengnum borgarafundi samkvæmt 105. gr.

sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og íbúakosningu samkvæmt 107. gr. sömu laga.

Samþykkt.

##### 2. Fundargerðir

###### a) 106. fundur skipulagsnefndar Uppsveita, haldinn 10. mars sl. mál nr. 6 þarfnast umfjöllunar.

###### Mál nr. 6. 1505014 - Lindarbær 1C: Austurtún: Deiliskipulag.

Á fundi skipulagsnefndar þann 10. september 2015 var afgreiðsla deiliskipulags fyrir Lindarbæ 1c frestað og skipulagsfulltrúa falið að kynna tillögu að nýjum aðkomuvegi fyrir eigendum aðliggjandi lands. Var það gert með bréfi dags. 5. október og síðan þá hafa verið í gangi samskipti um hnitsetningu gagna og útfærslu á aðkomuvegi og stærð nauðsynlegs vegsvæðis.

*Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins þar til fyrir liggur skriflegt samþykki landeigenda um veltengingu að landinu.*

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

###### b) 45. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. haldinn 15. mars sl.

Lagt fram til kynningar.

###### c) 23. fundur stjórnar Lundar, haldinn 21. mars sl.

Lagt fram til kynningar.

###### d) 3. fundur stjórnar Odda bs. haldinn 23. mars sl. Liður 3 þarfnast umfjöllunar.

###### Liður 3. 1601023 - Átak til eflingar leikskólastigsins.

Meðfylgjandi er greinargerð starfshóps til eflingar leikskólastigsins á vegum Odda bs./fræðslunefndar 1.2.2016.

Í greinargerðinni kemur meðal annars fram að aukin fjárútlát geta orðið vegna þriggja þátta:

a. Vegna hlutfallslegrar fjölgunar fagmenntaðra starfsmanna.

b. Vegna rýmkunar á undirbúningstíma leikskólakennara.

c. Vegna námsstyrkja.

Í greinargerð með átakanu er gerð grein fyrir öllum kostnaðarliðum. Hins vegar er auðvitað óljóst á þessari stundu hversu hratt árangur næst. Raunhæft gæti verið að miða við að kostnaður vegna átaksins falli til á síðasta ársfjórðungi 2016 og að það megi miða við 30% hluta fagmenntaðra á þessu ári. Þá má gera ráð fyrir að ca. 3 verði í námi í leikskólafræðum á haustönn.

*Tillaga er um að efna til átaks til eflingar leikskólastigsins. Aukinn kostnaður á árinu 2016 er áætlaður um 3 m. króna miðað við að kostnaður við átakið reiknist frá og með 1. september. Stjórn óskar eftir þessu aukaframlagi frá sveitarfélögunum fyrir árið 2016.*

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu samhljóða, bókast á lið 04- skólamál.

**e) 32. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu haldinn 21. mars sl.**

Lagt fram til kynningar.

**f) 107. fundur skipulagsnefndar Uppsveita, haldinn 23. mars sl. mál nr. 11 þarfnast umfjöllunar.**

**Mál nr. 11 1505032 - Hrútur 2: Hrútshagi: Deiliskipulag**

Lögð fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að deiliskipulagi fyrir 22,7 ha spildu úr landi Hrútshaga sem liggur upp að Bugavegi. Ný spilda kallast Hrútur 2 og er fyrirhugað að byggja þar íbúðarhús, gestahús og útihús á tveimur afmörkuðum byggingarreitum. Fyrir liggja umsagnir Vegagerðarinnar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Minjastofnunar Íslands.

*Skipulagsnefnd mælir með að deiliskipulagið verði samþykkt með fyrirvara um að í skilmálum komi skýrt fram að á landi Hrúta 2 sé aðkoma að aðliggjandi landi (Hrútshaga).*

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

**g) 34. fundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. haldinn 10. mars sl.**

Lagt fram til kynningar.

**h) Fundargerð frá Fjallskiladeild Holtamannafréttar, haldinn 30. mars sl. liður nr. 1 þarfnast umfjöllunar.**

**Liður nr. 1 Rekstraryfirlit 2015**

*Heildarkostnaður við leitir 2015 án húsnæðis er 3.797.259 kr.*

*Hlutur Ásahrepps 4/7 = 2.169.862 kr.*

*Hlutur Rangárþings ytra 3/7 = 1.627.397 kr.*

*Óskað eftir að svokallaður 0 kostnaður vegna leita verði greiddur af sveitarfélögunum.*

*NJ falið að kalla eftir upplýsingum frá fjallkóngum um fjölda kinda og skilgreina 0 kostnað fyrir næsta fund.*

*Tillaga:*

*Gjald fyrir land verði 11.500 kr.*

*Að álagningagjald fyrir rekna kind verði 260 kr.*

*Gjald fyrir ásett fé 260 kr.*

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu fyrir sitt leyti.

**i) 35. fundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. haldinn 23. mars sl. liður 1 og 2 þarfnast umfjöllunar.**

**Liður nr. 1 Fjárhagsáætlun.**

*Ingibjörg fór yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir sameinað embætti, forsendur eru rauntölur 2015 eins og þær koma fram í aðalbók. Samþykkt að senda fjárhagsáætlun samhliða breyttum samþykktum til aðildarsveitarfélaganna.*

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir sitt leyti.

**Liður nr. 2 Samþykktir.**

*Gunnar fór yfir tillögur á samþykktum fyrir sameinað embætti. Samþykkt að leggja til við sveitarfélögin að innheimta framkvæmda- og byggingarleyfisgjalda verði óbreytt, innheimt verði fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig. Embættið mun sjá um framkvæmdina eins og verið hefur. Einnig samþykkt prósentuleg skipting á milli sveitarfélaganna vegna kostnaðar við byggðarsamlagið. Lagt er til eftirfarandi skipting: fastur kostnaður 15%, útgefin byggingar- og framkvæmdarleyfi 38%, fjöldi mála*

í skipulagsnefnd 25% og hlutur umhverfis og tæknimála 22%. Samþykkt að senda samþykktirnar með áorðnum breytingum til aðildarsveitarfélaganna til samþykktar.

Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti fyrirleggjandi breytingar á samþykktum embættisins.

- j) **46. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. haldinn 5. apríl sl. liður nr. 1 þarfnast umfjöllunar.**

**Liður 1. Tilboð í gerð brunavarnaáætlunar.**

Lægsta tilboð var frá Mannviti kr. 750. þúsund + vsk.

Samþykkt að taka tilboði Mannvits.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu stjórnar.

- k) **24. fundur stjórnar Lundar haldinn 6. apríl sl.**

Lagt fram til kynningar.

- l) **108. fundur skipulagsnefndar Uppsveita, haldinn 7. apríl sl.**

Lagt fram til kynningar.

- m) **8. fundur stjórnar Húsakynna bs. haldinn 11. apríl sl. liður 1 þarfnast umfjöllunar.**

**Liður 1 1601011 - Sala íbúða við Giljatanga og lands úr Nefsholti II.**

Frágangur á landkaupum.

Niðurstaða fundar:

Tillaga er um að ganga frá kaupum Húsakynna bs. á 10.4 ha úr landi Nefsholts II. Söluverð 8.200.000 kr. hlunnindi eru undanskilin.

Samþykkt með tveimur atkvæðum, einn situr hjá (KÖ).

Hreppsnefnd Ásahrepps hafnar fyrirleggjandi tillögu.

*Jafnframt er tillaga frá stjórn Húsakynna bs. um að fá fasteignasala til að verðmeta íbúðirnar 4 ásamt landspildu og undirbúa sölufarli.*

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að verðmeta íbúðirnar og gerir ekki athugasemdir við það að land Rangárþing ytra verði boðið með fasteignunum.

- n) **25. fundur stjórnar Lundar, haldinn 12. apríl sl. liður 1 þarfnast staðfestingar.**

**Liður 1. Verksamningur v. viðbyggingar:**

*Drífa ber fyrirleggjandi verksamning v. 2. áfanga viðbyggingar við Lund upp til samþykktar.*

*Samningur samþykktur, fulltrúi Ásahrepps situr hjá v. annmarka gagna (E.G.).*

*Samningur vegna 2. áfanga viðbyggingar við Lund undirritaður og vottaðir.*

*Gestur fór yfir stöðu mála og fyrirhugaðar framkvæmdir.*

*Bjarni Jón Matthíasson er eftirlitsmaður skv. samningum. Óskað er eftir að samningur við*

*Rangárþing ytra verði framlengdur til lok framkvæmda sem eru áætluð 15. janúar 2017.*

Hreppsnefnd Ásahrepps frestar afgreiðslu liðsins þar til umbeðin gögn liggja fyrir í málinu.

Samþykkt.

- o) **178. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn 7. apríl sl.**

Lagt fram til kynningar.

### 3. Erindi til hreppsnefndar

- a) **Beiðni frá Knattspyrnufélag Rangæinga (KFR) um styrk. Styrkurinn er 42.000 kr. á barn og er reiknaður út frá fjölda iðkenda frá hreppnum.**

Samþykkt, bókast á lið 06-08 íþróttamál.

- b) **Beiðni um auglýsingu í blaðinu Kraftur-Félag ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein.**

Samþykkt að kaupa styrktarlínu 8000 kr.

- c) **Beiðni frá Samfylkingunni um auglýsingu í 1. maí blaði félagsins.**

Hafnað.

- d) **Beiðni frá Markaðsstofu Suðurlands um gerð heimasíðu fyrir sveitarfélagið inn á south.is verð fyrir hvert sveitarfélag er 220.000 + vsk.**

Hafnað.

**e) Beiðni frá Erni Arnarsyni um gerð samnings um grenjavinnslu.**

Afgreiðslu frestað til næsta fundar og NJ falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður.

**f) Erindi frá Gunnari Guðmundssyni um endurupptöku á erindi hans vegna gerðar ritverks um „Veiðivötn á Landmannafrétti-og allt þar umhverfis“.**

Samþykkt að veita styrk að upphæð 100.000 kr.

#### 4. Ásgarður

**Niðurstöður starfshóps um framtíð félagsheimilisins Ásgarðs:**

Á 26. fundi hreppsnefndar Ásahrepps, þann 9. desember sl. var ákveðið að mynda tímabundinn starfshóp vegna framtíðar félagsheimilisins Ásgarðs sem stendur við Ás 1. Tilefnið var beiðni Ungmennafélags Ásahrepps um að Ásahreppur yfirtaki félagsheimilið. Starfshópurinn var skipaður þeim Brynju Jónu Jónasdóttur, Guðmundi Haukssyni, Huldu Brynjólfsdóttur, Jakobi S. Þórarinssyni og Nönnu Jónsdóttur.

Fyrir lá skýrsla frá því í nóvember 2015 um ástandsmat vegna mögulegra endurbóta á Ásgarði sem Verkis vann fyrir Ásahrepp. Þar kom m.a. fram að skýrsluhöfundur gerði ráð fyrir því að heildarkostnaður við endurbætur á húsnæðinu geti numið 10,1 millj. kr. Starfshópurinn hittist og fór yfir málin ásamt því að vera í tölvu- og símasambandi. Starfshópurinn tók þar á meðal stutta SVÖT greiningu á Ásgarði.

Starfshópurinn var ekki einhuga um hvort Ásahreppur ætti að yfirtaka húsið. Því var ákveðið að kanna vilja íbúa hreppsins. Dreifibréf var sent á alla bæi og íbúar hvattir til að senda starfshópnum tillögur um hvernig þeir sáu fyrir sér eignarhald og nýtingu hússins í framtíðinni. Þrjár tillögur bárust starfshópnum í tölvupósti. Tveir íbúar voru þeirrar skoðunar að selja ætti húsið en sá þriðji taldi að Ásahreppur ætti að yfirtaka það og sá fyrir sér að húsið gæti m.a. nýst við fundarhöld, kosningar, félagslíf, ýmsar uppákomur, sýningar, veisluhöld, kennslu, nám og sem tímabundin starfsaðstaða. Einnig komu þó nokkrir íbúar að máli við fulltrúa starfshópsins og lýstu skoðun sinni. Starfshópurinn vill þakka öllum íbúum sem skiluðu inn tillögum og höfðu samband vegna málsins.

Ljóst er að ekki ríkir samstaða um málið, hvorki innan starfshópsins né á meðal íbúa. Starfshópurinn leggur því til að Ásahreppur taki ekki yfir Ásgarð en verði samt sem áður Ungmennafélagi Ásahrepps innan handar við að finna framtíðar lausn fyrir húsið.

Í ljósi niðurstöðu starfshóps hafnar hreppsnefnd að svo komnu máli beiðni Ungmennafélags Ásahrepps um yfirtöku á Ásgarði en lýsir því yfir að hún sé tilbúin að aðstoða Ungmennafélagið við að finna framtíðarlausn á nýtingu hússins.

Samþykkt.

#### 5. Innkaupareglur Ásahrepps

Innkaupareglur Ásahrepps lagðar fram til kynningar og vísað til afgreiðslu á næsta reglubundna fundi hreppsnefndar þann 11. maí nk.

Samþykkt.

#### 6. Samþykkt um kjör kjörinna fulltrúa og greiðslur fyrir nefndarmenn

Farið yfir kjör kjörinna fulltrúa og greiðslur fyrir nefndarsetur. Hreppsnefnd telur mikilvægt að samþykkt liggi fyrir þar um. NJ falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður og leggja fyrir næsta reglubundna fund hreppsnefndar þann 11. maí nk.

Samþykkt.

#### 7. Næsti fundur hreppsnefndar

Auka fundur hreppsnefndar verður 27. apríl nk. á Laugalandi kl. 09:00 þar sem ársreikningur Ásahrepps verður tekinn til fyrri umræðu.

## Hreppsnefnd

**Til kynningar:**

- A. Kynning á breytingum á starfsreglum Sérdeildar Suðurlands.
- B. 507. fundur stjórnar SASS.
- C. Ársfundur Landsvirkjunar, fimmtudaginn 14. apríl kl. 14.
- D. Skýrsla starfshóps sambandsins um úrgangsmál til kynningar og umræðu.
- E. Málþing um háskólamál á Suðurlandi.
- F. Málþing Radda og íslenskrar málnefndar í Norræna húsinu 12. maí.
- G. Ársfundur Umhverfisstofnunar 29. apríl kl. 09:00.
- H. Málstofa í Háskólanum á Akureyri um samvinnu sveitarfélaga föstudaginn 29. apríl kl. 13-15.
- I. Ársskýrsla íþróttafélagsins Garps 2015.
- J. Fyrsti morgunverðarfundur sambandsins um skólamál 10. maí.
- K. Fundargerð 837. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- L. Tíðindi mars 2016, sambandið.
- M. Dagforeldri.is
- N. Meðfylgjandi er ályktun ungmennaráðstefnu UMFÍ Ungt fólk og lýðræði 2016.
- O. Sambandið býður sveitarstjórnarmönnum upp á námsferð til Svíþjóðar 29. ágúst til 1. september nk. til að kynna sér íbúalýðræði í sænskum sveitarfélögum.
- P. Tölulegar upplýsingar um stöðu skóla
- Q. Frá nefndasviði Alþingis - 247. mál til umsagnar.
- R. Ársskýrsla Landmælinga Íslands 2015.
- S. Lokahátíðir Stóru upplestrarkeppninnar.
- T. Vináttu - verkefni Barnaheilla, forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla.
- U. Hlustunartölur Útvarp vika 9 2016 og topplista sjónvarps.
- V. Fundur 1. mars 2016 v/Öldungaráð.
- W. Endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps 2015-2028.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:22

---

Elín Grétarsdóttir (sign)

---

Egill Sigurðsson (sign)

---

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

---

Karl Ölvisson (sign)

---

Nanna Jónsdóttir (sign)